



Akureyrarbær

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Akureyri, 26. mars 2021
2020090366 / 01-730

Efni: Undanþága frá vinnsluskyldu vegna byggðakvóta í Hrísey - breyting á sérreglum.

Bæjarráð Akureyrarbæjar hefur á fundi sínum þann 25. mars 2021 gert eftirfarandi bókun:

Rætt um undanþágu frá vinnsluskyldu vegna byggðakvóta til Hríseyjar.

Bæjarráð Akureyrarbæjar óskar eftir breytingum á sérreglum vegna byggðakvóta í Hrísey, nánar tiltekið 1. mgr. 4. gr. á eftirfarandi hátt sem sérstakt skilyrði:

„Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.“

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd bæjarstjóra

Elva Björk Einarsdóttir
sérfræðingur á skjalasafni

